

**ELS**

# EINKALEYFASTOFAN

Skúlagata 63 IS-150 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1330*  
*komudagur 11.3.2004*

Tilvísun yðar:

442. mál

Tilvísun vor:

010-04

Dagsetning:

09.03.2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda, mál nr. 442.**

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 2. mars s.l. þar sem Einkaleyfastofunni er sent ofangreint frumvarp til umsagnar.

Að mati Einkaleyfastofunnar hefur efni frumvarpsins í för með sér ótvíræða kosti fyrir Einkaleyfastofuna, lesendur ELS-tíðinda og með tilliti til umhverfisvænna þátta. Rafræn útgáfa blaðsins einfaldar vinnu við útgáfu þess, kostnaður vegna útgáfu blaðsins lækkar auk þess sem rafræn útgáfa dregur almennt úr pappírnotkun. Þá geta þeir sem þess óska ávallt kynnt sér efni blaðsins á heimasíðu Einkaleyfastofunnar sér að kostnaðarlausu.

Þess má geta að rafræn útgáfa gagna á sviði stjórnáslu samræmist upplýsingastefnu stjórnvalda sem fram kemur í skýrslu sem fyrr á þessu ári var gefin út af forsætisráðuneytinu og er birt á heimasíðu ráðuneytisins (Íslenska upplýsingasamfélagið 2003). Í skýrslunni kemur m.a. fram að þjónusta og gögn á sviði stjórnáslu skuli vera hægt að nálgast með aðstoð upplýsingatækni til þess að jafna aðgang aðila að gögnum óháð búsetu eða fjárhag. Einnig kemur fram að það skuli vera markmið að nýta upplýsingatækni í því skyni að auka aðgang almennings að upplýsingum.


Þá segir í skýrslunni að lög og reglur skuli endurskoða með hliðsjón af upplýsingatækni m.a. til að örva tækniþróun og vernda rétt einstaklinga og fyrirtækja.

Efni umrædds frumvarps er ótvírætt í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í fyrrgreindri skýrslu.

Að lokum skal bent á að einkaleyfastofur á öðrum Norðurlöndum gefa út sambærileg tíðindi um skráningar, með rafrænum hætti.

Einkaleyfastofan gerir engar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Einkaleyfastofunnar



Borghildur Erlingsdóttir, deildarstjóri

Sími:  
580 9400

Bréfasími:  
580 9401

Kennitala:  
650191-2189

Afgreiðslutími:  
mánudaga - föstudaga kl. 10 - 15